

gangi til baka, en eins og kröfugerð í málinu er háttað, virðist ekki verða dæmt um endurgreiðsluskyldu stefnda.

Samkvæmt 178. gr. laga nr. 85 frá 1936 þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ársæll Björgvinsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gísla E. Gunnarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. febrúar 1979.

Nr. 180/1978. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Vigfúsi Ingólfssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Brot gegn 1. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga.

Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði óskaði sjálfur eftir áfrýjun máls þessa. Var því og áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar, svo sem greinir í áfrýjunarstefnu. Fyrir Hæstarétti lýsti ríkissaksóknari yfir því, að fallið væri frá þeirri kröfu, en krafist væri staðfestingar á refsíákvörðun hins áfrýjaða dóms.

Í héraðsdómi eru málavextir raktir eftir rannsókn máls og öðrum gögnum þess. Svo sem fram kemur, eru tíma-
setningar þeirra, sem dvöldust ásamt ákærða eftir miðnætti

aðfaranótt föstudagsins 12. október 1973 að Aðalgötu 10 á Sauðárkróki, ekki nákvæmar. Ekki skiptir það þó máli um úrlausn sakarefnis.

Rakin eru í héraðsdómi skipti ákærða og Skarphéðins heitins Eiríkssonar á gangi á efri hæð hússins og þar til ákærði hafði sett hann út fyrir dyrnar og skilið hann þar eftir liggjandi. Eru ekki aðrir til frásagnar um atburðarásina þarna en ákærði. Verður því að byggja á framburði hans við úrlausn máls þessa, þótt framburður ákærða sökum minnisleysis vegna vındrykkju sé eigi fyllilega staðfastur.

Ákærði ber, að hann muni óljóst um skipti þeirra Skarphéðins heitins í stiganum. Skarphéðinn hafi dottið þarna og fallið niður stigann eða hann sjálfur ef til vill hrundið Skarphéðni. Verður hvorki fullyrt um, hvernig þetta atvik-aðist né heldur að Skarphéðinn heitinn hafi þarna í stiganum hlotið áverka af völdum ákærða. Ber að svo vöxnu máli að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði kveðst ekki minnast þess, að Skarphéðinn heitinn hafi mælt nokkurt orð eða hreyft sig, þar sem hann lá fyrir neðan stigann eftir byltuna. Setti hann Skarphéðinn heitinn umsvifalaust út fyrir dyrnar og skildi hann þar einan eftir um hánótt í kalsaveðri, berfættan, yfirhafnarlausan og með fötin flakandi frá sér. Gekk ákærði síðan til sængur, svo sem í héraðsdómi greinir. Ákærða gat ekki dulist, að Skarphéðni var veruleg hætta búin með því að skilja þannig við hann meðvitundarlausan og bjargarvana. Ákærði hefur með þessu atferli sínu unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 220. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að Skarphéðinn Eiríksson ruddist þrásinnis inn í húsið Aðalgötu 10 nótt þá, er ákærði framdi brot sitt, en ákærði hafði verið gestur húsráðanda undanfarna daga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi. Rétt þykir að ákveða, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. október 1973 til 14. nóvember s. á. komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 200.000 krónur, hvort tveggja fyrir báðum dómum.

Hinn 18. janúar 1974 er þingað í málinu í sakadómi Ísa-fjarðar, er vitnið Sigurbjörn Ólafur Ragnarsson var eiðfest. Eftir það er ekkert aðhafst í málinu fyrr en 11. maí 1976, er fram fór munnlegur málflutningur fyrir sakadómi Sauðárkróks. Hinn 11. febrúar 1977 sendir héraðsdómari bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum dómsgerðir málsins með ósk um, að dómur verði birtur ákærða, er þá var búsettur þar. Hinn 2. maí s. á. sendir bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum ríkissaksóknara dómsgerðir að aflokinni dómsbirtingu. Með bréfi 17. apríl 1978 sendi svo héraðsdómari ríkissaksóknara dómsskjöl málsins, og segir í bréfinu, að svo virðist sem þau hafi lagst til hliðar. Átelja verður drátt þann, sem orðið hefur á meðferð málsins í héraði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Vigfús Ingólfsson, sæti fangelsi 9 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. október 1973 til 14. nóvember s. á. skal með fullri dagatölu koma refsivist hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, hvort tveggja fyrir báðum dómum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 18. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. maí sl., er höfðað af ákæruvaldinu með ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara hinn 2. nóvember 1973, gegn Vigfúsi Ingólfssyni sjómanni, Hólagötu 33, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa milli kl. 03 og 04 föstudagsnótt-

ina 12. október 1973, er ákærði var gestkomandi að Aðalgötu 10, Sauðárkróki, lagt þar hendur á Skarphéðin Eiríksson, Vatnshlíð, Bólstaðarhlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu, sem þá var kominn óboðinn inn í herbergi húsráðanda, Guðrúnar Sigurðardóttur, á efri hæð hússins, í því skyni að koma honum út úr húsinu, þar sem hann hafði þrásinnis fyrr um nóttina valdið ónæði og verið látinn út. Ákærði kom Skarphéðni, sem var allölvaður, út úr herberginu með valdi og fram á stigapall, þar sem þeir stimpuðust, sem lyktaði með því, að ákærði hratt Skarphéðni niður stigann, sem í fallinu fékk höfuðáverka og missti meðvitund. Ákærði dró síðan Skarphéðin, meðvitundarlausan og klæðlittinn, út um bakdyr hússins og skildi þannig við hann utandyra án þess að hygga frekar að því, hvernig Skarphéðni reiddi af, né gera lögreglu staðarins eða öðrum viðvart um ástand mannsins. Skarphéðinn fannst síðan kl. 1045 um morguninn liggjandi á bakdyratröppum hússins, eins og ákærði skildi við hann um nóttina, og reyndist þá látinn.

Samkvæmt krufningarskýrslu reyndist dánarorsökin blæðingar inn á heila af völdum höfuðáverka samfara því að liggja meðvitundarlaus á víðavangi nokkurn tíma, eins og veðri var háttað.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 219. gr., 1. mgr. 220. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 19. janúar 1943 og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

27 sinnum á árunum 1958 til 1961 sektir og bótagreiðslur fyrir ölvun, með sátt.

1960 kæra fyrir líkamsárás, felld niður gegn bótagreiðslu.

1961 sekt, kr. 2.000, fyrir áfengisbrugg.

1962 kæra fyrir brot á 217. gr. alm. hegningarlaga, en refsikrafa afturkölluð.

1962 uppvís að innbroti. Ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár.

1963 kæra fyrir líkamsárás, brot á 217. gr. hegningarlaga. Refsikrafa afturkölluð, skaðabætur dæmdar.

1965 17/8, dómur, 40 daga varðhald, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 18 mánuði, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956.

1969 kærður fyrir ökugjaldssvik. Refsikrafa felld niður.

1971 19/1, sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1971 8/8, sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 106. gr. laga nr. 19/1940.

Málsatvik eru þessi:

Föstudaginn 12. október 1973 var hringt á lögreglustöðina á Sauðárkróki og tilkynnt, að maður lægi á bakdyratröppum hússins nr. 10 við Aðalgötu og virtist látinn.

Lögreglumaður fór þegar á staðinn og fann þar Skarphéðin Eiríksson, bónda í Vatnshlíð í Austur-Húnavatnssýslu.

Taldi lögreglumaðurinn engan vafa leika á því, að maðurinn væri látinn, og flutti hann þegar á sjúkrahúsið á Sauðárkróki, þar sem læknaar tóku við honum og úrskurðuðu, að hann væri látinn.

Sá, sem fann líkið, var Torfi Sveinsson, Aðalgötu 12.

Hann skýrir svo frá, að um kl. 1045 um morguninn hafi hann ekið bifreið sinni út úr bílskúr, sem er bakvið húsið nr. 10 við Aðalgötu, og hafi þá séð eitthvert hrúgald liggja við tröppur að bakdyrum hússins. Gekk hann þarna að og sá þá, að þarna lá maður, sem hann ekki bar kennsl á, en áleit vera látinn, og gerði hann þegar ráðstafanir til, að lögreglu væri tilkynnt um þetta.

Torfi Sveinsson segir, að líkið hafi legið á bakinu á spýtna-hrúgu norðan við tröppurnar, sem eru tvö þrep. Báðir fætur hafi verið uppi á efra þrepinu.

Sigurður Kristinsson lögreglumaður, sem fyrstur fór á vettvang, lýsir ástandi líksins þannig, að munnur hafi verið með blóðfroðu, storkið blóð kringum áverka á kinn og ofarlega á enni og smáblóðpollur á jörðinni undir höfði, en höfuðið hafi ekki snert jörðina.

Klæðaburður hafi verið þannig, að skyrti var aðeins hneppt með einni tölu um mitt brjóst, en skyrtan að öðru leyti flakað frá og ekki verið girt ofan í buxur. Nærskyrtan hafi lyfst og séð í bert ofan buxnastrengsins og vestispeysa dregin upp og í vöndli á brjósti. Buxnaklauf var opin og sá í bert og líkið berfætt, en stígvél lágu við kerru, sem stóð við vegg gegnt dyrum Aðalgötu 10.

Friðrik J. Friðriksson héraðslæknir framkvæmdi skoðun á líkinu, og segir svo í líkskoðunarvottorði hans: „Það er í fötum, nánar tiltekið brókum og nærbrókum, nærskyrtu, milliskyrtu og peysu, ullarpeysu, en berfætt.

Líkið er afklætt, og við skoðun finnast engin lífsmörk með því, líkamshiti mælist minna en 34°C í endaparmi.

Áverkar svo sem hér segir: Það er skurður á vinstra kinnbeini, og hefir blætt úr honum, og taumurinn liggur aftan og ofan við eyrað, þá er einnig blóðstorka á nefrót og yfir á hægra augnalok og smáskurður á vinstra augnaloki og mar á gagnauganu. Það er blóð í vinstri nös og einnig er blóð í kverkum. Ofarlega á enni er ca 1 og 1/2 cm langur skurður með mari í kring, en enginn blóðtaumur er frá honum, og eins er afrifa upp á há kolli, sem mælist rúmur cm í þvermál, og enginn blóðtaumur liggur frá því og gætu það verið eldri áverkar.“

Fyrir dómi skýrði læknirinn svo frá, að erfitt væri að ákveða með nokkurri nákvæmni, hve langur tími hafi liðið frá andláti, þar til líkskoðun fór fram. Hann telur, að ekki hafi verið liðnar meira en fimm klukkustundir og ekki minna en tvær. Líkkuldinn mæli með því, að hann sé lengri, en vöntun líkbletta, að hann sé styttri.

Réttarkrufning var framkvæmd af Ólafi Bjarnasyni prófessor, og var ályktun hans af krufningunni þessi:

„Við krufningu sáust nýlegir áverkar á andliti og hvirfli. Sumir áverkanna kunna að hafa hlotist af því, að maðurinn hafi dottið, en mjög ólíklegt þykir, að allir áverkarnir hafi hlotist af þeim sökum. Sem afleiðing af ofangreindum áverkum, einum eða fleirum, fannst blæðing milli heilayfirborðs og heilabasts, blæðing í mjúku heilahimnurnar og í heilahólf. Auk þess mar á heilanum sjálfum. Hafa blæðingar þessar orðið manninum að bana. Það, að maðurinn hefir legið meðvitundarlaus á víðavangi nokkurn tíma, kann að hafa verið meðverkandi að dauða.

Maðurinn hefir verið ölvaður, er hann lést.“

Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands var veður á Sauðárkróki hinn 12. október þannig: Kl. 00 var veðurátt S 2, skýjað og hiti $\div$ 0.4, kl. 06 VSV 4, skýjað og hiti 1.7, og kl. 09 S 2, skýjað og hiti 0.2.

Dómsrannsókn í máli þessu hófst samdægurs og var að mestu lokið hinn 20. október.

Húsið Aðalgata 10 er forskallað timburhús á hlöðnum kjallara og er hæð og ris með íbúð í.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumanna um vettvangsathugun snýr húsið hlið að Aðalgötu og er 10 metra frá götubrún. Utanmál þess er 6.40 x 9.40 metrar.

Þegar komið er inn um aðaldyr, er komið inn í gang, sem liggur í gegnum húsið og að salerni, en þar beygir gangurinn til vinstri í forstofu frá bakdyrum, en úr þeirri forstofu liggur stigi

upp á loft. Þegar komið er inn úr aðaldyrum, eru dyr til vinstri inn í eldhús og gegnt þeim dyr inn í suðurenda hússins. Þar sem eldhúshurðin stendur opin upp að vegg, kemur smáinnskot í ganginn, en í því eru dyr, og þar er stigi niður í kjallara.

Stiginn upp á loftið úr forstofu við bakdyr er þannig, að ein trappa er upp á stigapall, en síðan liggur stiginn upp til vinstri og er handriðalaus. Í horninu frá stigapalli og upp í loft er eitt 2" rör og tvö 3¼ rör. Trébiti er undir loftinu í forstofunni og liggur beint upp af stigapalli, svoleiðis að menn verða að beygja sig til að reka ekki höfuðið í hann, þegar gengið er um stigann.

Þegar komið er upp á rishæðina, er þar stór opin forstofa undir kvisti í vestur. Handrið er við stigann til vinstri uppi. Auk þess er á efri hæðinni ruslakompa og geymsla við austursúð, lítið eldhús að norðan og tvö svefnherbergi að sunnan.

Austur frá norðurenda hússins er steypur skúrveggur 5.05 metrar til austurs og frá honum annar skúrveggur til suðurs, 10.30 metrar, og myndast því port þarna, sem er 5.40 metrar við op þess.

Framan við bakdyr hússins er steyppt plata og eitt þrep út af henni til vinstri og eitt beint fram, en til hægri er steypur stigi niður í kjallara. Til vinstri við og alveg upp að dyrapallinum liggur á jörðinni grind úr barnarúmi, ofan á henni dýna og þar ofan á þríhyrningur með spónaplötu, spónaplata og annar þríhyrningur með spónaplötu ofan á henni.

Í húsinu Aðalgötu 10 bjó Guðrún Sigurðardóttir með fjórum börnum sínum á aldrinum 6 til 11 ára.

Hjá henni voru gestir, Valgerður Andersen, Reykjavík, sem hjá henni hafði dvalist um hálfan mánuð, Ólafur Ragnarsson, Reykjavík, og Vigfús Ingólfsson frá Vestmannaeyjum, ákærði í máli þessu, sem var fyrrverandi sambýlismaður Guðrúnar, og áttu þau eitt barn saman. Höfðu þeir Ólafur og ákærði komið til Sauðárkróks á miðvikudag og gistu hjá Guðrúnu.

Þeir félagar voru við drykkju hjá Hannesi Berg Bergsteinsyni, Aðalgötu 21, á miðvikudagskvöldið og Guðrún og Valgerður með þeim.

Aðiljum ber saman um, að drykkja hafi verið hafin að nýju að Aðalgötu 10 skömmu eftir hádegi næsta dag og hafi þá fljótlega bæst í hópinn áðurnefndur Hannes Berg og Valdís Hagalínsdóttir, Aðalgötu 23, en Hannes Berg fór heim um kl. 21.

Um klukkan 22 um kvöldið kom Skarphéðinn Eiríksson, bóndi í Vatnshlíð, í Aðalgötu 10.

Guðrún Sigurðardóttir skýrir svo frá, að hún hafi þekkt hann lengi, allt frá því að hún var kaupakona hjá honum fyrir 12-13 árum og eftir að hún fluttist til Sauðárkróks þá sumarið áður, hafi hann oft heimsótt hana, borðað þar og stundum gist og síðast helgina áður.

Vitnið Hukur Ingvason, bóndi í Valagerði, sem er skammt frá Vatnshlíð, skýrir svo frá, að hann hafi eftir vinnu í sláturhúsinu, þar sem hann vann, farið að sækja sláturfé heiman að frá sér og frá Vatnsskarði. Eftir að hafa losað féð af bílnum hafi hann farið að svipast um eftir bíl, sem var að flytja fé frá Vatnshlíð, þar sem hann bjóst við, að bíllinn færi þangað aðra ferð, og var ætlunin, að hann tæki í þeirri ferð nokkur lömb fyrir vitnið.

Vitnið sá bílinn stansa við Hótel Mælifell og sá Skarphéðin fara úr honum og inn í húsið Aðalgötu 10, sem er hinum megin götunnar. Fór vitnið á eftir honum þangað inn. Skömmu síðar fóru þeir Skarphéðinn út til að svipast um eftir fjárflutningabílnum, en hann var þá farinn frá hótelinu, og segir vitnið, að Skarphéðinn hafi þá talið rétt að láta frekari fjárflutninga eiga sig og þeir farið aftur inn í Aðalgötu 10.

Vitnið segir, að þarna hafi verið setið að drykkju og hafi Skarphéðinn verið dálítið drukkinn, en þó ekki mjög mikið, þegar vitnið fór heim, en þá telur hann, að klukkan hafi verið rúmlega tólf, og kemur það heim við framburð annarra vitna.

Meðan vitnið var þarna, kom til deilu milli Guðrúnar og ákærða, og fór Guðrún út og hringdi í lögreglu, en samkvæmt skýrslu lögreglunnar kom hún á staðinn kl. 2320, og kærði Guðrún þá fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir að hafa lagt hendur á sig. Hann var ekki staddur í húsinu, þegar lögreglan kom, en samkvæmt framburði Hauks Ingvasonar kom ákærði aftur, skömmu eftir að lögreglan fór, og lenti þá að nýju í deilum við Guðrúnu, sem sló til hans með einhverju, þannig að hann blóðgaðist á augabrún.

Vitnið segir, að Skarphéðinn hafi eitthvað blandast í þessar deilur og Guðrún ráðist að honum og klórað hann eitthvað í andliti, þannig að smárispa kom.

Eftir þetta eru tímasetningar varðandi atburði næturinnar flestar mjög ónákvæmar, enda allir, sem í húsinu voru, orðnir meira eða minna drukknir.

Gunnlaugur Sigurgeirsson prentari hafði setið að drykkju með áðurnefndum Hannesi Berg, heima hjá honum, frá klukkan rúm-

lega 21 og fram að miðnætti, en þá fór hann áleiðis heim og kom við í Aðalgötu 10.

Hann var mikið drukkinn, en minnst þess, að þarna voru einhverjar deilur, og man, að Skarphéðinn var blóðugur í andliti og að einhver var að þvo blóðið framan úr honum.

Vitnið telur sig hafa stansað þarna ca 20 mínútur, en síðan farið með Valdísi Hagalínsdóttur heim til hennar og stansað þar nokkra stund, en síðan farið áleiðis heim, suður Aðalgötu.

Þegar hann kom að Aðalgötu 10, man hann, að eitthvað var þar um að vera framan við húsið milli ákærða og Skarphéðins, og lenti vitnið í einhverjum orðaskiptum við ákærða, sem þá fór inn og skellti aftur hurðinni.

Skarphéðinn stóð þá í skoti undir tröppunum að Aðalgötu 10 B, en vitnið hélt áfram ferð sinni og mætti skömmu síðar Jóni Ormari Ormssyni, en samkvæmt framburði Jóns Ormars hitti hann vitnið rétt fyrir kl. 02.

Vitnið Valdís Hagalínsdóttir minnst þess, að Guðrún og Skarphéðinn hafi deilt og Guðrún slegið til hans og hafi blætt úr Skarphéðni.

Hún telur, að þau Gunnlaugur hafi farið dálítið fyrir klukkan eitt, og segist hún hafa boðið Skarphéðni að gista hjá sér, en hann hafi gist hjá henni áður, en hann ekki viljað þiggja það.

Vitnið Helgi Gunnarsson skýrir svo frá, að hann hafi átt leið fram hjá Aðalgötu 10 og hafi þá Guðrún verið að ýta Skarphéðni út úr húsinu, en hann verið á sokkaleistunum og verið að biðja um stígvélín sín. Sinnti Guðrún því ekki og skipaði honum að fara frá húsinu. Bað vitnið Skarphéðin þá að koma með sér. Sagðist Skarphéðinn vera að fara heim, og gekk vitnið með honum nokkurn spöl frá húsinu, en skildi síðan við hann og fór aftur upp á Aðalgötu.

Hann segir, að Skarphéðinn hafi verið með 2 eða 3 skrámur í andliti og sér virst, að blóð úr þeim hafi verið strokið burt. Spurði hann Skarphéðin, hvort hann hefði meitt sig, en hann svarað því til, að það væri ekkert.

Eftir að vitnið skildi við Skarphéðin, fór hann út í bæinn, en síðan suður Aðalgötu og hitti þar Gunnlaug Sigurgeirsson og urðu þeir samferða.

Þegar þeir komu að Aðalgötu 10, var Skarphéðinn þar utan-dyra, en í dyrunum stóðu Guðrún Sigurðardóttir og maður, sem vitnið ekki þekkti. Fór Gunnlaugur heim að húsinu og átti orðaskipti við manninn, sem þá lokaði dyrunum. Gengu þeir Gunn-

laugur og vitnið síðan suður götuna, en Skarphéðinn stóð í sömu sporum, og fóru engin orðaskipti milli hans og þeirra.

Vitnið, sem var lítið eitt undir áhrifum áfengis, telur, að ekki hafi liðið meira en 10 mínútur frá því að hann skildi við Skarphéðin í fyrra skiptið og þar til hann sá hann þarna aftur.

Hann telur, að Skarphéðinn hafi verið drukkinn, en þó ekki mjög drukkinn.

Guðrún Sigurðardóttir skýrir svo frá, að eftir að Haukur Ingvason og Skarphéðinn komu, hafi þeir tekið þátt í drykkjunni, þó einkum Skarphéðinn, sem vitnið segir, að hafi drukkið mjög skarpt og geri það alltaf og drekki óblandað.

Þegar Haukur hafi farið um miðnætti, hafi hann viljað fá Skarphéðin með sér, en hann neitað.

Hún segir, að Skarphéðinn hafi orðið mjög drukkinn, sungið og haft hátt og vakið börnin, en tvö þau yngri hafi verið heima, en hin gíst hjá kunningjum sínum.

Hafi þau reynt að fá Skarphéðin til að fara, en hann ekki viljað það og verið settur út þrisvar til fjórum sinnum, einu sinni af henni, einu sinni af ákærða og einu sinni eða tvisvar af Ólafi Ragnarssyni. Þetta hafi alltaf gerst án átaka, en hins vegar hafi hann alltaf byrjað að berja utan húsið og hafa hátt úti fyrir. Honum hafi alltaf verið hleypt inn aftur, nema einu sinni hafi hann komist inn í gegnum kjallarann.

Eftir að hann hafði verið settur út um kl. 03, hafi þau tekið það ráð að slökkva öll ljós og fara upp á efri hæðina. Allt vín hafi þá verið búið og þau gengið til náða. Valgerður og Ólafur hafi sofið í austara herberginu, hún ásamt börnum sínum í því vestara og ákærði á gólfinu í því herbergi og hafi hann verið sofnaður, þegar hún kom inn, og hún strax sofnað í öllum fötunum.

Hún segist ekki minnst þess að hafa slegið til Skarphéðins, en sér hafi verið sagt, að hún hafi gert það og hann fengið rispu á kinnina.

Vitnið segir, að þau hafi öll verið þéttdrukkin, þegar þau fóru að sofa. Hún hafi ekki orðið vör neins umgangs í húsinu, eftir að hún gekk til hvílu, og ekkert vitað af sér fyrr en hún vaknaði um tíu leytið um morguninn.

Hún segir, að dyr inn í kjallara séu ekki læstar og ekki sé hægt að læsa dyrum úr kjallara upp á miðhæð.

Vitnið Ólafur Ragnarsson segir, að þau Valgerður hafi bæði

verið allmikið drukkin og farið upp og gengið til hvílu snemma kvölds, áður en Skarphéðinn kom.

Vitnið segist hafa sofnað, en vaknað við hávaða niðri og hafi börnin þá einnig vaknað. Ákærði og Guðrún hafi þá verið að deila.

Eftir að lögreglan var farin, fór vitnið niður og segir, að Skarphéðinn hafi þá verið með þras og hávaða. Vitnið vísaði honum út, en hann neitaði að fara, og setti vitnið hann þá út með valdi. Hann segist síðan hafa farið upp aftur og sofnað, en síðan vaknað aftur og farið niður. Skarphéðinn hafi þá aftur verið kominn inn, sungið mikið og haft hátt og hafi Guðrún beðið vitnið að koma honum út. Skarphéðinn hafi sýnt mótþróa og slegið til sín, og telur hann sig hafa slegið Skarphéðin eitt högg, en það hafi ekki valdið áverkum. Eftir þetta hafi þau öll farið upp og hafi hann fljótlega sofnað og sofið til morguns.

Vitnið minnst þess, að Skarphéðinn hafi verið blóðugur í andliti, þegar vitnið kom niður í seinna skiptið og setti hann út.

Vitnið Valgerður Andersen segir, að þau Ólafur hafi farið upp og háttað hjá börnunum, áður en Skarphéðinn og Haukur komu. Börnin hafi orðið hrædd vegna deilu ákærða og Guðrúnar og hafi þau verið að reyna að róa þau.

Vitnið telur, að klukkan hafi verið um eitt, þegar Guðrún kallaði í þau og bauð þeim mat. Fóru þau þá niður, og var Skarphéðinn þá að borða í eldhúsinu og drakk óblandað Baccardi. Meðan á borðhaldinu stóð, segir vitnið, að hann hafi verið með hávaða og hafi ákærði komið honum út, en hann þá komið á eldhúsgluggann og barið og haft hátt.

Hún segir, að nokkru eftir að þau Ólafur fóru upp eftir borðhaldið, hafi Skarphéðinn komið upp í herbergið til þeirra. Ólafur hafi farið á móti honum og leitt hann niður stigann og sett hann út um dyrnar, sem vita út í portið, og hent stígvélum, sem voru í forstofunni, á eftir honum. Þarna hafi ekki verið um högg eða átök að ræða. Síðan heyrði hún, að Skarphéðinn var kominn að framdyrunum og fannst stuttu síðar, að hún heyrði til hans inni í húsinu.

Vitnið telur, að klukkan hafi verið 0230 til 03, þegar ákærði og Guðrún komu upp. Hún hafi sofnað fljótlega eftir það, Ólafur þó verið sofnaður á undan og sofið til morguns.

Eins og að framan er getið, virðast tímasetningar þeirra, sem í húsinu voru, ónákvæmar, og hvað varðar þann tíma, sem þau telja sig hafa gengið til náða, liggja fyrir vitnisburðir annarra,

sem sýna, að áliðnara hafi verið nætur, þegar samkvæminu lauk, en þau telja.

Vitnið Ólafía Kristín Sigurðardóttir, sem býr í næsta húsi, skýrir svo frá, að hávaði úti fyrir húsinu hafi haldið fyrir sér vöku þessa nótt.

Hún leit á klukkuna um fjögur, og skömmu síðar heyrði hún, að einhverjir voru í stiganum upp á hæðina, sem er sunnan á húsinu við Aðalgötu 10 og er úr timbri. Heyrði hún þarna mann-mál. Áður hafði hún heyrt eitt högg í rúðu og taldi það koma frá Aðalgötu 10.

Vitnið Þórunn Ragna Tómasdóttir, sem býr í sama húsi, var ekki sofnuð um klukkan fjögur og heyrði þá hávaða, sem hún hélt vera framan við húsið eða sunnan við það. Hún heyrði klið af röddum, en ekki orðaskil, og einnig eins og trampað væri í stiganum sunnan á húsinu eða lamið í hann. Eftir það varð hún einskis vör og telur sig hafa sofnað milli kl. 04 og 0430.

Gluggar á þeim herbergjum, sem þessi vitni sváfu í, vita báðir út að Aðalgötu.

Vitnið Eva Sigurðardóttir, 14 ára gömul, svaf í húsinu Aðalgötu 9, sem er skáhalt á móti Aðalgötu 10.

Hún skýrir svo frá, að hún hafi vaknað klukkan hálf fjögur við rifrildi úti milli karls og konu. Hún sofnaði fljótlega, en vaknaði síðan aftur við rifrildi og fór þá út að glugganum, sem snýr út að Aðalgötu, en sá engan.

Rifrildið var milli karls og konu, og heyrði hún orðaskil hjá konunni og heyrði hana segja: „haltu kjafti“, „eg sef á nóttunni“ og „ætlaðu að vekja börnin“. Henni virtist maðurinn vera frekar með röfl og heyrði ekki orðaskil hjá honum, en virtist önnur kona vera þarna líka, sem talaði lægra, og var hún að biðja hina að láta hann eiga sig og koma inn.

Vitnið segist hafa kveikt ljós og litið á klukkuna og hafi hana þá vantað 20 mínútur í fimm.

Vitnið Sveinn Nikodemus Gíslason skýrir svo frá, að hann hafi verið við vélgæslu í frystihúsi til klukkan fjögur og ekið heimleiðis eftir Aðalgötu á tímabilinu 0415 til 0430.

Hann segist af forvitni hafa ekið mjög hægt fram hjá Aðalgötu 10, vegna þess að þar hafi verið mjög líflegt um nætur að undanförnunni, og hafi hann skrúfað niður bílrúðuna og horft heim að húsinu.

Ljós hafi þá verið í öllum gluggum, sem hann sá á efri og

neðri hæð, og sá hann fólk á ferli á neðri hæðinni og heyrði músik og mannamál.

Um atburðarás föstudagsmorgunsins hefur í meginatriðum tekst að samræma vitnisburði þeirra, sem í Aðalgötu 10 voru.

Þau virðast hafa vaknað um kl. 10 og Ólafur þá farið inn til Guðrúnar og ákærða og sennilega vakið þau, en síðan farið niður að sækja vatn og þá orðið þess var, að Skarphéðinn lá þar utan dyranna.

Guðrún Sigurðardóttir segir, að Ólafur hafi komið inn til þeirra um morguninn og þeir þá eitthvað farið að ræða atburði næturinnar og hafi ákærði þá sagt, að Skarphéðinn hefði komið inn, eftir að þau voru sofnuð. Hún hafi ekki viljað trúa því, en dætur hennar, sem voru viðstaddar, hafi sagt, að það væri alveg satt, því þær hefðu vaknað og séð ákærða draga hann fram og niður.

Hún minnst þess einnig, að ákærði hafi þá látið þau orð falla, að sennilega lægi hann þarna úti ennþá.

Ólafur Ragnarsson staðfestir þennan framburð Guðrúnar og telur, að það hafi ef til vill orðið þess valdandi, að hann gáði út um dyrnar, þegar hann fór niður til þess að sækja vatnið. Hann segist hafa séð stígvélin úti, þegar hann fór niður, en síðan gáð betur út í bakaleiðinni og þá séð Skarphéðin, þar sem hann lá utan dyranna. Hann hafi þá farið upp og sagt hinum frá þessu og þau farið niður og séð konu og mann standa fyrir utan og beðið þangað til þau voru farin, en þá hafi hann opnað og þreifað á líkinu og fundið, að það var stirðnað. Rétt í því hafi líkið verið sótt.

Síðar við rannsókn málsins skýrði Ólafur svo frá, að þegar hann fór niður um morguninn, hafi hann séð blóðblett á innanverðum bitanum yfir stiganum og hafi hár verið klesst í blóðið. Hann hafi þá verið búinn að sjá sár á augabrún Vigfúsar og ekki vitað, hvernig hann hefði fengið það, og því strax dottið í hug, að hann hefði rekið sig í bitann. Segist hann ekki hafa viljað láta börnin sjá þetta, þar sem þau hafi verið svo hrædd um nóttina, og þess vegna náð í tusku og þurrkað blettinn burtu.

Eftir að líkið fannst, segist hann hafa skýrt hinum, eða a. m. k. einhverjum þeirra, frá þessu.

Hólmfríður Eronsdóttir, 8 ára gömul dóttir Guðrúnar Sigurðardóttur, segir, að hún hafi séð Skarphéðin reyna að vekja móður hennar og hafi hún orðið hrædd og líka reynt að vekja hana ásamt 6 ára systur sinni, sem einnig hafi verið vakandi, og

ákærða, en þeim hafi ekki tekist það. Síðan hafi ákærði leitt Skarphéðin niður, en komið upp aftur. Stuttu síðar hafi hún heyrt rifrildi og sofnað út frá því. Hún hafi ekkert litið upp og ekkert ljós hafi verið kveikt, og hún heldur, að rifrildið hafi verið úti og ákærði þá í rúminu eða inni í stofu.

Framburður ákærða um atburðarásina fram til þess tíma, sem þau gengu til náða, er í öllum meginatriðum í samræmi við þann vitnaframburð, sem hér hefur verið rakinn, en eftir það er hann einn til frásagnar.

Ákærði segir, að Skarphéðinn hafi verið allmikið drukinn og með hávaða og leiðindi og verið hent út hvað eftir annað, en jafnan komist inn aftur. Segist hann minnst þess að hafa sett hann tvisvar út og hafi orðið við það nokkrar stimpingar, því Skarphéðinn hafi þráast við, en þó ekki verið með nein illindi, og minnst hann þess ekki, að um nein högg hafi verið að ræða. Í fyrra skiptið hafi hann sett hann út um framdyrnar, úr eldhúsinu, en í síðara skiptið ofan af efri hæð, út um bakdyrnar.

Ákærði segir, að þau hafi öll verið orðin allmikið drukkin. Sjálfur hafi hann sofnað inni í stofu, og kemur það heim við framburð annarra, og hafi Guðrún vakið sig og hann farið með henni upp.

Hann hafi síðan vaknað við köll í börnunum, sem hann heldur, að hafi verið að reyna að vekja móður sína. Sá hann þá Skarphéðin sitja á rúmstokknum, og virtist hann árangurslaust vera að reyna að vekja Guðrúnu. Ákærði reyndi einnig að vekja hana, en án árangurs. Sagði hann Skarphéðni að fara út, en hann hafi ekki viljað það og hafi hangið í Guðrúnu og hafi hann orðið að tosa allmikið í hann til þess að fá hann frá rúminu.

Ákærði segir, að sér hafi tekist að koma Skarphéðni niður, og minnst þess ekki, að hann hafi sýnt verulegan mótþróa eða illindi, en hins vegar verið með röfl og hávaða. Þegar niður úr stiganum kom, hafi Skarphéðinn beðið um að fá að sofa í herbergi á neðri hæðinni, en ákærði neitað honum um það af einhverjum ástæðum og komið honum út fyrir dyrnar. Hann segist síðan hafa farið upp og hafi Skarphéðinn þá verið að berja á dyrnar og verið með hávaða. Þegar upp kom, hafi hann lagst upp í rúmið hjá Guðrúnu og börnunum.

Á síðara stigi rannsóknarinnar viðurkenndi ákærði, að Skarphéðinn hefði komið inn í húsið eftir þetta, sennilega stuttu eftir að ákærði var lagstur upp í rúmið eftir að koma honum út.

Ákærði segist hafa séð hann standa í dyrunum eða við hurð-

ina inn í svefnherbergið. Segist hann hafa beðið hann að fara, en þegar hann ekki gerði það, hafi komið til einhverra stimpinga milli þeirra frammi á ganginum. Ákærði telur sig muna, að hann hafi verið búinn að koma honum eitthvað niður í stigann, en Skarphéðinn þá dottið eða ákærði ef til vill hrint honum niður stigann. Ákærði segist ekki muna þetta ljóst, en telur þó, að hann sjálfur hafi ekki fallið með honum niður.

Hann segist muna, að Skarphéðinn lá í forstofunni neðan stigans, og heldur, að hann hafi legið með fætur að stiganum, en man ekki, hvort hann lá á bakinu eða á grúfu. Ákærði segist ekki muna ljóslega, hvernig hann kom honum út, en hann hafi opnað bakdyrahurðina og telur, að hann hafi dregið hann út og síðan ýtt fótum hans út fyrir til þess að geta lokað hurðinni.

Ákærði segist muna, að Skarphéðinn hafi legið alveg hreyfingarlaus eftir fallið og engin orð farið á milli þeirra og sér reynst auðvelt að koma honum út og muni hann hafa tekið í handleggi hans eða undir þá og dregið hann þannig út fyrir.

Hann segist ekki minnst þess, að hann hafi athugað neitt nánar, hvort áverkar væru á Skarphéðni eða hvort hann væri með rænu og alls ekki leitt hugann að því, hvort eitthvað væri að honum, aðeins komið honum út fyrir og síðan farið upp að sofa.

Ákærði minnst þess, að þau hafi rætt atburði næturinnar um morguninn, en minnst þess ekki að hafa látið þau orð falla, að Skarphéðinn kynni að liggja úti fyrir, og sér hafi ekki komið í hug, að svo kynni að vera, en hafi þó haft áhyggjur af því, að hann kynni að hafa verið of harðhentur við hann.

Hann segir, að þau muni öll hafa verið komin niður, þegar Ólafur sagði þeim, að hann hefði þurrkað blóð af bitanum yfir stiganum um morguninn.

Ákærði segist fyrst hafa hitt Skarphéðin þá um sumarið, en þá hafi hann dvalist hjá Guðrúnu Sigurðardóttur hálfan mánuð. Hafi hann þá hitt Skarphéðin nokkrum sinnum heima hjá Guðrúnu og einnig farið með henni og fleirum að heimsækja Skarphéðin, sem þá hafi verið á Skörðugili, og hafi þá farið mjög vel á með þeim.

Hann minnst þess ekki, að neitt hafi gerst þarna um kvöldið eða nóttina, sem hafi egnt hann gegn Skarphéðni, annað en það, að hann hafi verið með hávaða og alltaf komið inn aftur, eftir að hann var settur út og síðan eftir að þau fóru að sofa. Hann segir, að sér hafi fundist, að hann ætti ekki að vera þarna, og viljað

koma honum út vegna þess ónæðis, sem af honum stafaði. Hann segir, að Skarphéðinn hafi ekki sýnt neina vonsku í viðureign þeirra, og telur sig ekki hafa gert það heldur. Högg hafi ekki farið á milli þeirra, aðeins hafi verið um stimpingar að ræða.

Guðrún Sigurðardóttir segir, að hún og ákærði hafi kynnst í Vestmannaeyjum á árinu 1969 og þau tekið upp sambúð, sem hafi gengið illa og verið slitrótt vegna mikillar óreglu ákærða. Þau hafi eignast barn saman á árinu 1971 og 1972 hafi þau keypt í félagi húseign á Akranesi og ætlað að taka upp sambúð þar, en lítið orðið úr því vegna óreglu ákærða og hafi þau skilið að skiptum og hún flust til Sauðárkróks.

Hún segir, að ákærði hafi allan þann tíma, sem þau hafi þekkt, verið mjög óreglusamur og stopult stundað vinnu. Hann hafi verið ofstopafullur við vín, en þó aldrei lagt hendur á sig fyrr en nú. Hann hafi verið mjög afbrýðisamur, en rólegur ódrukkinn.

Guðrún segir, að ákærði hafi verið hjá henni nokkra daga fyrr um haustið, en ekki komið með hennar samþykki í þetta skipti og í hvorugt skiptið verið orðað, að þau tækju upp sambúð að nýju.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að mikil áfengisneysla hefur verið í Aðalgötu 10 frá því skömmu eftir hádegi á fimmtudag og fram eftir nóttu á föstudag og allmargt fólk komið þar við sögu.

Eftir klukkan laust fyrir tvö er þó ekki vitað, að neinir hafi verið þar aðrir en þau fjögur, sem sváfu þar, þ. e. Guðrún Sigurðardóttir, Valgerður Andersen, Ólafur Ragnarsson og ákærði og auk þess tvö börn Guðrúnar og Skarphéðinn Eiríksson.

Ljóst virðist, að Skarphéðinn hafi orðið allmikið drukkinn og verið með hávaða og verið ítrekað vísað út og látinn út úr húsinu með valdi af þeim sökum, en jafnan komist inn aftur, ýmist verið hleypt inn af einhverjum viðstaddra eða komist inn af sjálfsdáðum, en það virðist hafa verið auðvelt í gegnum kjallara-dyr, sem ekki voru lokaðar.

Einhverja áverka í andlit virðist Skarphéðinn hafa fengið snemma nætur, en þar virðist hafa verið um minni háttar skrámur að ræða.

Ekki hefur fengist samræmi í framburði þeirra, sem í húsinu voru, og annarra vitna um það, hvenær nætur íbúar hússins gengu til náða. Af framburði þeirra, sem í húsinu voru, má ætla, að það hafi verið um klukkan þrjú, en eftir framburði annarra vitna, sem sáu ljós á neðri hæð hússins og heyrðu þaðan hávaða,

virðist sennilegra, að klukkan hafi verið orðin fjögur til fimm, þegar ljós voru slökkt og íbúar hússins gengu til hvílu.

Ákærði viðurkennir að hafa látið Skarphéðin tvívegis út um austurdyr hússins, eftir að hin voru sofnuð.

Þar er hann að vísu einn til frásagnar að öðru leyti en því, að börn Guðrúnar, 6 og 8 ára, urðu þess vör, að Skarphéðinn var inni í herbergi þeirra, eftir að móðir þeirra var sofnuð, og að ákærði fór með hann niður.

Einnig hefur komið fram í vitnaleiðslu, að áður en íbúar hússins vissu, hvað gerst hafði, sagði ákærði þeim frá því, að hann hefði sett Skarphéðin út, eftir að þau voru sofnuð.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, virðist framburður ákærða um síðustu viðskipti hans og Skarphéðins fyllilega standast, svo langt sem hann nær, og verða að leggja til grundvallar við niðurstöður málsins.

Samkvæmt krufningarskýrslu hafa blæðingar inn á heila, sem orsakast hafa af áverkum á höfði, orðið Skarphéðni að bana auk þess sem það, að maðurinn hefur legið meðvitundarlaus á víðavangi nokkurn tíma, kann að hafa verið meðverkandi að dauða.

Ljóst virðist, að þann áverka, sem blæðingunni olli, hafi Skarphéðinn fengið, er hann féll niður stigann í átökum við ákærða og hafi höfuð hans rekist í bita þann, sem er yfir stiganum, þar sem svo lágt er undir hann, að menn verða að beygja sig, er þeir ganga um stigann, og styðst það einnig við þann framburð Ólafs Ragnarssonar, að hann hafi um morguninn þurrkað blóðblett með hári í af bitanum.

Ekki er hægt að telja sannað, að ákærði hafi hrint Skarphéðni niður stigann, en fall hans er þó í beinu framhaldi af átökum þeirra, og jafnvel þó um hrindingu hafi verið að ræða, er ekkert, sem bendir til, að sú hrinding eða yfirleitt þau átök, sem milli þeirra urðu, hafi af hálfu ákærða verið annað en tilraun til að koma Skarphéðni út úr húsinu án nokkurs ásetnings eða vilja til að valda honum líkamstjóni.

Einnig ber á það að líta, að sú aðgerð ákærða að setja Skarphéðinn út úr húsinu var beint framhald af því, sem húsráðandi, ákærði og Ólafur Ragnarsson höfðu ítrekað gert áður um nóttina, þar sem þau höfðu talið ónæði af nærveru hans og viljað losna við hann úr húsinu, en hann jafnan komið aftur.

Ekki er hægt að slá föstu með neinni vissu, hvenær Skarphéðinn lést.

Samkvæmt áliti Friðriks J. Friðrikssonar héraðslæknis voru

ekki liðnar meira en 5 klukkustundir og ekki minna en tvær frá því hann lést og þar til líkskoðun fór fram um klukkan 11, eða að hann hafi látist á tímabilinu frá kl. 6 til kl. 9 um morguninn.

Ólafur Viðar Hauksson, 11 ára drengur, sem gekk fram hjá húsasundinu milli klukkan hálf átta og átta um morguninn á leið sinni í skóla, telur sig hafa heyrt eins og stunur, þegar hann var sunnan við skúrinn, sem stendur neðan Aðalgötu 10. Hafi hann litið við, en ekkert séð og þá haldið áfram ferð sinni, en heyrði þetta þá aftur, en athugaði það ekkert frekar.

Þegar á þetta er litið og það, að blóðpollur var undir höfði líksins, má álykta, að Skarphéðinn hafi verið á lífi, þegar ákærði dró hann út fyrir dyrnar.

Ekkert verður um það fullyrt, hvort Skarphéðinn hefði látist eða hve varanlegt tjón hann hefði beðið af höfuðhögginu einu sér, ef hann hefði strax eftir það fengið viðeigandi meðferð í stað þess að liggja fáklæddur úti í hitastigi, sem var lítið yfir frostmarki.

Ákærða mátti vera ljóst, þegar hann setti Skarphéðin út, að hann var meðvitundarlaus og þá hættu, sem því var samfara. Ákærði virðist ekki hafa leitt að þessu hugann né kannað, hvort Skarphéðinn væri meiddur eftir fallið, sem var afleiðing átaka þeirra. Má þar eflaust um kenna slævðri dómgreind ákærða af völdum mikillar og langvarandi áfengisneyslu.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður að teljast fullnægjandi sannað, að ákærði hafi með aðgerðum sínum við að koma Skarphéðni út úr húsinu og því að skilja hann eftir ósjálfbjarga af völdum þeirra aðgerða, utandyra, af gáleysi orðið valdur að dauða hans.

Þykir brot ákærða varða við 219. gr. og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af málsatvikum og tilvísun til VIII. kafla laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin eins árs fangelsi, en til frádráttar frá því komi með fullri dagatölu varðhaldsvist ákærða frá 16. október til 14. nóvember 1973.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Ingólfsson, sæti fangelsi í eitt ár, en til frádráttar komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. október til 14. nóvember 1973.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-sóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlög-manns, kr. 50.000.

Mánudaginn 26. febrúar 1979.

Nr. 216/1977. **Sigfús J. Johnsen**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Brynjólfi Kjartanssyni

(sjálfur).

Uppboð. Skuldabréf. Greiðslufall. Geymslugreiðsla.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Svein-björnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1977. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úr-skurði verði hrundið og synjað um framgang uppboðs. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal ljós-rit af handhafaskuldabréfi, útgefnu 18. október 1976 af áfrýjanda, að fjárhæð 2.000.000 króna, tryggðu með 3. veð-rétti í fasteigninni Fýlshólum 6.